

Fundargerð 450. fundar í framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Fundur haldinn 29. júní 2021, fjarfundur í Teams kl. 14:30.

Pátttakendur: Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, nefndarmaður og sérfræðingur hjá ANR, Ásgeir Runólfsson nefndarmaður og sérfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Gunnar Þorgeirsson, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, nefndarmaður og framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður Landsamtaka kúabænda og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá ANR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sat einnig Sigurður Eyþórsson, verkefnisstjóri hjá ANR.

1. Fundargerð 449 fundar staðfest.
2. **Lífræn ræktun.** Samningur við VOR – framhald af síðasta fundi, sjá 4. dagskrárlið fundargerðar 449. fundar. Nefndinni voru sendar skýrslur frá VOR í tölvupósti þann 17. maí sl. Lagðar voru fram tillögur varðandi ráðstöfun þeirra fjármuna sem væri óráðstafað undir fjárlagaliðnum aðlögun að lífrænni ræktun í rammamningi. Samþykkt var að ræða tillögurnar á næsta fundi nefndarinnar.
3. **Þróunarfjármunir garðyrkju.** Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga til þróunarverkefna í garðyrkju að fenginni tillögu Fagráðs í garðyrkju, sbr. 7. gr. samkomulag um breytingar á garðyrkjusamningi dags. 14. maí 2020. Tillögur Fagráðs í garðyrkju lagðar fyrir fundinn og ræddar, sjá fundargerð fagráðsins dags. 7. júní 2021. Afgreiðslu frestað.
4. **Kynbótaverkefni í garðyrkju.** Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga til kynbótaverkefna í garðyrkju að fenginni tillögu Fagráðs í garðyrkju, sbr. 5. gr. samkomulags um breytingar á garðyrkjusamningi dags. 14. maí 2020. Tillaga Sambands garðyrkjubænda, sbr. erindi dags. 28. júní 2021 og umsögn fagráðs vegna tillögunnar rædd. Tillaga samþykkt.
5. **Kynbótastarf í nautgriparækt.** Tillaga LK um að ráðstafa 3% framlags til kynbótastarfs til RML skv. samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar til að styrkja mikilvæg sameiginleg verkefni í kynbótastarfinu, s.s. kvíguskoðun o.fl. Tillaga samþykkt.
6. **Önnur mál.**
 - a. Umræða um störf framkvæmdanefndar.
 - b. Umræða um plöntuverndarvörur og markaðsleyfi. Erindi Sambands garðyrkjubænda lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:36.